

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi ræktunarlóðar á Neðra Hrínsesi, Borgarbyggð.

Breytingin felst í að bætt er við byggingarreit fyrir allt að 65 m² verkfærahús á suðurhluta lóðarinnar jafnframt því sem skilmálar eru uppfærðir.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreinda breytingu á skipulaginu.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirlit af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 28. ágúst 2003.

Sigurður Páll Harðarson, bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Norðurlandssvæðis eystra.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er starfsleyfi eða eftirliti Heilbrigðiseftirlits Norðurlandssvæðis eystra, samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerðum settum með stoð í þeim, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Tímagjald	kr.	5.860
Gjald vegna rannsóknar pr. sýni skv. eftirlitsáætlun	kr.	4.400

Af eftirlitsskyldri starfsemi er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta árlegt gjald af starfsemi eins og fram kemur á fylgiskjali, viðauka A, með gjaldskrá þessari, enda fari fram reglubundið eftirlit með starfseminni, skv. eftirlitsáætlun.

Sé starfsemi rekin skemur en 6 mánuði á ári eða sé að öðru leyti takmörkuð með svipuðum hætti er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjaldið.

Ef starfsemi hefur haft samning við faggilta skoðunarstofu, hefur haft vottað gæðakerfi eða hefur rekið innra eftirlit með starfsemi sinni, sem heilbrigðisnefnd telur ganga lengra en reglur kveða á um, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt þessari grein.

Ef einungis hluti margþætts eftirlits með starfsemi fer fram, er heimilt að lækka eftirlitsgjald, sem því nemur.

3. gr.

Af starfsleyfis skyldri starfsemi, er aðildarsveitarfélögunum heimilt að innheimta gjald fyrir starfsleyfi eins og hér segir: